

## TIL VINNU!

### Tillaga aðgerðahóps um vinnumarkaðs- og menntamál vegna framkvæmdar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 5. maí.

---

31. mars 2011 skilaði starfshópur stjórnsmálaflokkanna, aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um menntun og vinnumarkaðsúrræði tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar. Tillögur hópsins bára yfirskriftina „Í NÁM – TIL VINNU“.

Tillögurnar og fjármögnun þeirra voru til umfjöllunar í tengslum við gerð kjarasamninganna í maí sl. og varð samkomulag um það efni, sem fram kom í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí. Samkvæmt henni settu stjórnvöld á fót sérstakan aðgerðahóp til að fylgjast með og útfæra framkvæmd verkefnisins þar sem eiga sæti fulltrúar frá velferðarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Vinnumálastofnun og aðilum vinnumarkaðarins.

Á fundi sínum 9. desember 2011 samþykkti hópurinn eftirfarandi aðgerðaramma á grundvelli tillagnanna frá 31. mars.

Sérstaklega verður gætt að því að aðgerðirnar leiði ekki til samkeppnisröskunar eða misnotkunar af hálfu fyrirtækja eða einstaklinga. Aðgerðirnar eru tímabundnar en munu, samkvæmt áætlun, lækka atvinnuleysisstig um 0,7%.

#### **Markmið þeirra er:**

1. að örva nýráðningar og fjölga störfum
2. að einfalda ráðningarferli atvinnurekanda gagnvart starfstengdum úrræðum eins og hægt er
3. að auka hagkvæmni þess fyrir atvinnurekendur að ráða langtímaatvinnulausa og auka með slíku líkur á ráðningu þeirra
4. að styrkja stöðu þeirra sem eru að klára rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins og auka líkur á ráðningu þeirra.

**Ný störf verði sköpuð með almennum tímabundnum fjárhagslegum hvötum. Gildir um nýráðningar atvinnuleitenda sem eru á atvinnuleysissskrá þar sem sannarlega er verið að bæta við starfsfólki og fjölga störfum.**

1. Grunnbætur fylgi nýjum starfsmanni af skrá upp í kjarasamningsbundin laun óháð bótarétti viðkomandi innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Atvinnurekandi fái þannig ætíð styrk miðað að viðkomandi sé að fullu tryggður eða 161.523 kr. pr. mánuð í starfi auk 8% framlags í lífeyrissjóð.

2. Tímalengd slíks styrks geti orðið allt að 6 mánuðir með þeim einstaklingum sem hafa verið án vinnu og fengið greiddar bætur skemur en 12 mánuði en allt að 12 mánuðum með þeim sem hafa verið lengur án atvinnu í 12 mánuði og hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur á þeim tíma.
3. Tímalengd styrks verði óháð þeim tíma sem atvinnuleitandi getur fengið greiddar atvinnuleysisbætur. Þannig getur atvinnurekandi fengið styrk vegna ráðningar einstaklings af bótaskrá svo fremi sem viðkomandi hafi verið á bótum þegar hann var ráðinn.

**Við nýráðningar skv. þessu verði boðið upp á eftirfarandi leiðir:**

1. Almennar ráðningar
2. Reynsluráðningar
3. Starfsþjálfun
4. Nýsköpun innan fyrirtækja og stofnana
5. Eigið frumkvöðlastarf og /eða gerð viðskiptaáætlunar
6. Fyrirtækjanám
7. Vinnustaðþjálfun
8. Átaksverkefni

Í samningum vegna þátttöku í framangreindum úrræðum skal tiltaka nánar réttindi og skyldur viðkomandi starfsmanna (atvinnuleitenda) og atvinnurekenda.

**Við framkvæmd átaksins þarf að að stórefla og fjölga úrræðum í vinnumiðlun til að mæta þeim þörfum sem átakið skapar á því sviði. Þá verði markmiðum í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí sl. um aukna þátttöku aðila vinnumarkaðarins um ráðgjöf og vinnumiðlun við atvinnuleitendur mætt. Samstarf verður einnig haft við almennar ráðningarstofur um vinnumiðlun.**

1. Vinnumiðlun gagnvart atvinnuleitendum verði opnuð og greitt sérstaklega fyrir hverja ráðningu langtímaatvinnulausra sem hafa verið án vinnu lengur en 12 mánuði, t.d. 50% við ráðningu og 50% ef viðkomandi er í starfi eftir 6 mánuði. VMST geri sérstaka þjónustusamninga við ráðningaraðila þar sem réttindi og skyldur aðila eru skilgreind.
2. Samstarf VMST og vinnumiðlara og fyrirtækja verði elft þannig að atvinnuleitendur sem hafna vinnu eða mæta ekki í atvinnuviðtöl án gildra skýringa detti af bótum.
3. VMST geri átak í að miðla störfum og tækifærum til einstaklinga sem eru að detta inn í 3 mánaða biðtíma eða endanlega af bótum eftir 4 ár. Starfsgeta allra þeirra verði metin einstaklingsbundið með það að markmiði að þeim sem hafa starfsgetu verði tryggt tilboð um starf.

**Til að nýta þá reynslu sem skapaðist með námsmessum sl. vor sem haldnar voru til að laða atvinnuleitendur í nám verði haldnar verði sérstakar atvinnumessur í febrúar þar sem allir atvinnuleitendur verði skylduboðaðir. Markmiðið með atvinnumessu er:**

1. Að nota messuna til að „smala saman störfum og úrræðum“ þannig að sem flestir atvinnuleitendur geti fengið yfirlit yfir störf í boði og í kjölfarið fundið störf.
2. Að sýna með sama hætti atvinnulífinu fjölbreytni þess hóps sem er á atvinnuleysissskrá
3. Að leiða saman atvinnuleitendur og atvinnurekendur sem vilja ráða fólk til vinnu.
4. Að nýta og ítreka skylduvirkni atvinnuleitenda og skyldu þeirra til að þiggja störf en kynna þeim um leið réttindi sín á vinnumarkaði
5. Að kynna vaxtarbrodda í íslensku atvinnulífi og þau svið sérstaklega þar sem störf er að finna og störf eru að skapast.
6. Að örva vinnumarkaðinn með því að hafa áhrif á hugarfar atvinnuleitenda, atvinnulífs og samfélagið í heild hvað varðar ástand á vinnumarkaði og sköpun starfa.
7. Markmiðið er að bjóða amk. 1.000 störf á fyrstu messunni í Reykjavík um miðjan mánuðinn.

#### **Á Atvinnumessu verði:**

1. Almenn vinnumiðlun í laus störf
  - a. VMST
  - b. Stéttarfélag
  - c. Almennar ráðningarstofur
  - d. Einstök fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir
2. Miðlun í reynsluráðningar- og starfsþjálfunarpláss
  - a. VMST
  - b. Stéttarfélag
  - c. Almennar ráðningarstofur
  - d. Einstök fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir
3. Tilboð um vinnustaðapjálfun

- a. VMST
  - b. Símenntunarstöðvar
  - c. Einstök fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir
4. Tilboð um atvinnuvegatengda kennslu og þjálfun
- a. Símenntunarstöðvar
  - b. Aðrir fullorðinsfræðsluaðilar
5. Ráðgjöf
- a. VMST
  - b. VIRK
  - c. Stéttarfélög
  - d. Sveitarfélög
  - e. Almannasamtök
6. Kynningar og markaðsmál
- a. Atvinnuvegatengdar kynningar
  - b. Aðildarsamtök SA
  - c. Önnur starfsgreinasamtök
  - d. Einstök fyrirtæki
  - e. Einstakar stofnanir og sveitarfélög
  - f. Kynningar á réttindatengdum atriðum
  - g. Stéttarfélög
  - h. Önnur félög og almannasamtök

### Fjárhagsleg áhrif

VMST hefur metið kostnað við ofangreindar breytingar á greiðslur og fjárhag stofnunarinnar árið 2012:

100% styrkgreiðsla til 1.500 einstaklinga óháð bótarétti	-250.000.000
Greiddir styrkir til einstaklinga sem hefðu líklega farið af bótum eða klárað bótarétt sinn	-202.500.000
Sparnaður vegna einstaklinga sem afskrá sig mv. 6. mánuði	174.500.000
Sparnaður vegna einstaklinga sem afskrá sig í kjölfar úrræðis (67%)	110.000.000
Sparnaður vegna þátttökuleysis í öðrum úrræðum VMST	22.500.000
Samtals:	-145.500.000

Að auki er gert ráð fyrir 15. m.kr. kostnaði við kynningu og framkvæmd atvinnumessu og kostnaði vegna aukinnar vinnumiðlunar, allt að 100 m.kr.

Ótalinn er sparnaður sveitarfélaga vegna minni fjárhagsaðstoðar og sparnaður vegna endurhæfingarlífeyris og örorku árið 2012 sem og framtíðarlækkun þess kostnaðar.